

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40. 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskylda verður á Höfðagrund gagnvart Innesveg.

Auglýsing þessi taki gildi 21. janúar n. k.

Bæjarfógetinn á Akranesi.

Ásmundur Vilhjálmsson, ftr.

GJALDSKRÁ**vegna sorphirðu í Hveragerðishreppi fyrir árið 1985.**

1. gr.

Sorphreinsunargjald samkvæmt reglugerð um sorpheimtu í Hveragerði nr. 39/1983 fyrir árið 1985 verður kr. 900.00.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ**vegna hundahalds í Hveragerðishreppi fyrir árið 1985.**

1. gr.

Gjald fyrir að fá að halda hund í Hveragerðishreppi, sbr. samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 597/1982, verður kr. 3 000,00 fyrir árið 1985.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá hreppsnefndar Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.